

## REGLUGERÐ

### um heilbrigðiseftirlit með klakstöðvum og eldisstöðvum.

#### 1. gr.

Landbúnaðarráðherra fer með yfirstjórn fisksjúkdómamála. Fisksjúkdómanefnd eða fulltrúar hennar skulu hafa frjálsan aðgang að öllum mannvirkjum klak- og eldisstöðva í því skyni að kanna útbreiðslu smitsjúkdóma, þegar nauðsynlegt er.

Sama máli gegnir, ef kanna þarf útbreiðslu fisksjúkdóma í ám og vötnum. Heimilt er Fisksjúkdómanefnd að láta veiða fisk í ám og vötnum í rannsóknarskyni, ef grunur leikur á smitsjúkdómum, enda komi til samþykki ráðherra hverju sinni.

#### 2. gr.

Allir þeir, sem starfrækja eða hafa í hyggju að koma á fót klak- eða eldisstöðvum fyrir vatnafisk, skulu tilkynna það veiðimálastjóra, ef framleiðsla stöðvarinnar er ætluð til sölu eða afhendingar til annarra aðila.

Tilkynningunni skulu fylgja upplýsingar um vatnsafnot, jarðarafnot, staðsetningu mannvirkja og uppdrættir af þeim. Auk þess skal fylgja greinargerð um það, hvaða rekstur skuli fram fara í stöðinni og hve viðtæk starfsemi sé fyrirhuguð.

Þeir sem nú þegar, við gildistöku þessarar reglugerðar, reka klak- og eldisstöðvar skulu á sama hátt senda upplýsingar um starfsemina til veiðimálastjóra.

#### 3. gr.

Ef skilríki og greinargerð, sem um ræðir í 2. gr., teljast fullnægjandi að mati veiðimálastjóra, skal hann gefa út viðurkenningu á klak- og eldisstöðinni, sem gildi um takmarkaðan tíma í senn, og veitir eiganda rétt til að selja eða afhenda hrogn og fisk úr stöðinni.

#### 4. gr.

Hver sá sem á eða rekur klak- og eldisstöð skal hlutast til um, að nákvæmt bókhald sé fært um allar sölur frá stöðinni, þar sem tilgreint er hvenær kaup eða afhending hroгна og fiska hafi farið fram, hve mikið magn hafi verið afhent hverju sinni, hver sé móttakandi, kaupandi, og hvernig hinum afhentu fiskum eða hrognum verði ráðstafað. Sú skylda hvílir á umráðamanni og eiganda klak- og eldisstöðvar að upplýsa fyrir Fisksjúkdómanefnd eða fulltrúum hennar öll þau atriði, sem að gagni mega koma við rannsóknir smitsjúkdóma og útbreiðslu þeirra, ef þess er óskað.

#### 5. gr.

Héraðsdýralæknar skulu f. h. Fisksjúkdómanefndar hafa vakandi auga með heilbrigði hroгна og fiska í klak- og eldisstöðvum hver í sínu umdæmi. Þeir skulu með reglulegum heimsóknum í stöðvarnar leitast við að kanna, hvort þar leynist sjúkdómar og taka nauðsynleg sýni af dauðum eða sjúkum fiskum, ef þess gerist þörf.

Fulltrúi Fisksjúkdómanefndar skal hafa frjálstan aðgang að öllum mannvirkjum eldis- og klakstöðvar, og umráðamaður stöðvarinnar skal sjá honum fyrir nægilegri aðstoð við skoðun og sýnasöfnun.

#### 6. gr.

Héraðsdýralæknar skulu, jafnframt því að fylgjast sem bezt með heilbrigðisástandi fiska og hrognna við eftirlitsferðir sínar, hafa vakandi auga með þrifnaði og hreinlætisháttum á stöðvunum. Þeir skulu leiðbeina eigendum, ef þess er þörf, um hreinsun og sóttþreinsun í samræmi við fyrirmæli Fisksjúkdómanefndar. Telji þeir aðbúnaði eða umhirðu ábótavant á einhvern hátt, skal það tilkynnt umráðamanni stöðvarinnar og skal hann hlutast til um lagfæringar án tafar.

Héraðsdýralæknar skulu halda bók um eftirlitsferðir þessar og skulu þar færðar aðfinnslur, ef einhverjar eru, jafnóðum sem og aðrar athugasemdir um starfsemina, að því er varðar þrifnað og heilbrigði klaks og fiska. Nú vill umráðamaður eða eigandi eldisstöðvar eigi hlíta fyrirmælum eftirlitsmanns og er þá rétt að skjóta málinu til Fisksjúkdómanefndar til endanlegs úrskurðar.

Í lok hvers árs skulu héraðsdýralæknar senda Fisksjúkdómanefnd yfirlit um störf sín.

Kostnaður við ferðir og yfirlit með klak- og eldisstöðvum greiðist af viðkomandi klak- og eldisstöð samkvæmt gjaldskrá fyrir dýralækna.

#### 7. gr.

Eigendur eða umráðamenn klak- og eldisstöðva, sem hlotið hafa viðurkenningu veiðimálastjóra, skulu tilkynna héraðsdýralækni eða Tilraunastöð háskólans í meinafræði, Keldum, ef vart verður sjúkdóms í stöðinni, sem grunur leikur á að kunni að vera smitnæmur. Héraðsdýralæknir skal þá kanna jafnskjótt og auðið er, um hvaða sjúkdóm er að ræða, og senda sýni til rannsóknar ef með þarf. Ef ástæða þykir til, er heimilt að banna að afhenda hrogn eða fisk úr eldisstöðvum um stundarsakir, þegar þannig stendur á.

#### 8. gr.

Korni upp alvarlegur smitsjúkdómur að mati Fisksjúkdómanefndar í klak- eða eldisstöð, er heimilt að banna hvern þann samgang við aðrar eldisstöðvar eða staði, sem valdið gætu smitdreifingu frá stöðinni.

Tilkynna skal slíkar kvaðir til viðkomandi lögregluþyrvalds, er hlutast til um, að þeim sé framfylgt.

Nú er nauðsyn að hneppa eldis- eða klakstöð í sóttkví um lengri eða skemmri tíma, og skal þá eigandi þola það bóttalaust. Sama máli gegnir ef Fisksjúkdómanefnd telur nauðsynlegt í sóttvarnarskygni að eyða fiskum eða hrognum.

Þegar nauðsynlegt er að uppræta smit í eldis- eða klakstöðvum, skal hreinsun og sóttþreinsun gerð samkvæmt fyrirmælum Fisksjúkdómanefndar undir eftirliti héraðsdýralæknis og skal eigandi eða umráðamaður stöðvarinnar leggja fram nægilega aðstoð við verkið á sinn kostnað.

#### 9. gr.

Þess skal gætt í klak- og eldisstöðvum að eyða öllum dauðum fiski og hrognum í eidi eða á annan þann hátt, að eigi slafi af smithætta.

Leitast skal við að nota fullkomið og heilnæmt fóður og þess gætt svo sem kostur er, að með fóðri berist ekki smitsjúkdómar inn í stöðina.

Öllum fóðurilátum, kerjum, rennum og eldistjörnum skal að staðaldri haldið hreinum og þrifalegum. Sama máli gegnir um tæki öll og útbúnað, sem notaður er við flutning á fiski og við störf í eldisstöðvum. Við öll störf skal gæta ítrustu reglusemi og hreinlætis.

## 10. gr.

Nú kemur við eftirlit í eldisstöð ekki í ljós neinn smitsjúkdómur eða grunur um smitsjúkdóm, og er þá héraðsdýralækni rétt að láta eiganda klak- og eldisstöðvar í té tímabundið vottorð um það. Slík vottorð veita rétt til sölu á hrognum og fiski innanlands.

Óheimilt er að flytja hrogn eða vatnafisk úr landi nema að fengnu leyfi Fisk-sjúkdómanefndar. Öllum slíkum sendingum skulu fylgja vottorð í samræmi við þau skilyrði, sem heilbrigðisvottorð í viðkomandi landi gera kröfur um.

## 11. gr.

Um brot samkvæmt ákvæðum þessarar reglugerðar fer samkvæmt XVI. kafla laga, nr. 76 20. júní 1970, um lax- og silungsveiði.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum, nr. 76 20. júní 1970, um lax- og silungsveiði og öðlast þegar gildi.

*Landbúnaðarráðuneytið, 10. febrúar 1972.*

**Halldór E. Sigurðsson.**

*Þorv. K. Þorsteinsson.*

Nr. 71.

20. marz 1972.

**REGLUGERÐ**

fyrir Rafveitu Patrekshrepps.

**A. STJÓRN OG REKSTUR**

## 1. gr.

**Markmið rafveitunnar.**

Rafveita Patrekshrepps er fyrirtæki, sem Patrekshreppur starfrækir í þeim tilgangi að veita raforku um hreppiun og selja hana til heimilisnotkunar, iðnaðar og annarra þarfa.

Rafveitan er eign hreppsins, en er sjálfstætt fyrirtæki með nafninu: Rafveita Patrekshrepps, og hefur sérstakt reikningshald.

## 2. gr.

**Verksvið og orkuveitusvæði.**

Rafveita Patrekshrepps aflar raforku til almenningsþarfa í hreppnum, með því að vinna hana sjálf í orkuverum eða kaupa frá öðrum og veita þeirri orku, sem þannig er keypt eða unnin, um orkuveitukerfi rafveitunnar.

Orkuveitusvæði rafveitunnar er lögsagnarumdæmi Patrekshrepps og sá hluti nágrennis hreppsins, sem hreppsstjórn ákveður og ráðherra samþykkir.

Rafveita Patrekshrepps hefur einkarétt til sölu á raforku beint til raforkunotenda á orkusvæði sínu.

## 3. gr.

**Stjórn raforkumála. Rafveitustjóri.**

Yfirstjórn raforkumála hreppsins er í höndum hreppsnefndar, en framkvæmdarstjórnin skal falin rafveitunefnd.